

1866.

26. janúar.

urnar allt að 2 ríkisdöllum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. grein.

Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða. Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn

26. dag janúarmánaðar 1866.

9. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um laun málafærslumanna við landsyfírréttinn.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi dagsettu 21. októbermán. f. á. sent hingað bréf frá landfógetanum á Íslandi, þar sem hann biður um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að hann hefir borgað hinum settu málafærslumönnum við landsyfírréttinn, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsted, laun fyrir ágúst og september mánuði f. á. úr dómsmálasjóði Íslands, jafnvel þó að tímabil það, sem tiltekið var í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. janúarmán. 1862 að borga mætti launin, væri á enda með júlímánuði, er leið. Um leið og þér hafið getið þess, að dómsmálasjóðurinn um næstu ár muni vera eins vel fær um að bera kostnað þenna eins og að undanfögnu, og að yður hinsvegar ekki geti annað en þókt ísjárvert, nú sem stendur, að ákveðið sé fyrir fullt og fast, að greiða skuli fê þetta framvegis úr dómsmálasjóðnum, hafið þér stungið uppá, að veitt sé leyfi til að borga megi laun þessi úr dómsmálasjóði Íslands um næstu 4 ár, til 31. desembermán. 1869, og stiptamtið sendi dómsmálastjórninni, áður en sá tími sé liðinn, skýrslu um, hvort sjóðurinn framvegis sé fær um að bera gjald þetta. Að síðustu hafið þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til þess, að málafærslu-

mönnunum hafa verið borguð laun frá 1. ágústmán. 1865 til 31. marzmán. 1866.

1866.

9. febrúar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær er getið er um hér að framan.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um húsastæði í „Grófinni“ í Reykjavík. 15. febrúar.

Eins og bréf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 4. nóvembermán. f. á., og fylgiskjöl þess bera með sér, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi í Reykjavík, borið sig upp við yður útaf því, að byggingarnefndin þar, á fundi, er hún hélt 18. septembermán. f. á., hafi neitað sér um að taka til handa sér húsastæði, er hann hafði beiðzt eptir að sér væri mælt út í „Grófinni“, er svo er kölluð, og hann ætlaði til verzlunarhúsa, nema því að eins að bæjarstjórnin væri því samþykk. Því næst hafið þér leitað álits bæjarstjórnarinnar um, hvort henni finnist nokkuð vera því til fyrirstöðu, að húsastæði þetta sé úthlutað, og hefir hún í svari sínu sagt, að bærinn megi ekki missa svæði þetta, því að það sé einasti skikinn af fjörunni fram undan bænum, sem hann eigi sjálfur, og hafi sjómennirnir í vesturenda bæjarins verið látnir fá það til að lenda þar og setja upp skip sín, og geti menn því ekki tekið það af þeim, nema þeim verði úthlutað eitthvert hentugt svæði annarstaðar; en ef samningur geti komist á milli bæjarstjórnarinnar og ábúandans á Hlíðarhúsum um að búa til lendingu og uppsátur á Hlíðarhúsa lóð, eins og verið hefir í orði, og þá mætti láta Grófina af hendi til húsastæða, þá skuli Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, að svo miklu leyti sem unnt er, vera látinn ganga fyrir öðrum til að fá það. Að síðustu hefir bæjarstjórnin sagzt vera fús á að úthluta honum aðra lóð til að byggja á, ef hann vili ekki bíða eptir því að samningur sá komist á, er nú var getið um. Með því yður ekki hefir þókt vera nægar ástæður til að breyta